


Aðgerðir til hagræðingar og sparnaðar í vetrarþjónustu

Árið 2009:

1) Reglur um vetrarþjónustu á þjóðvegum:


Reglur um vetrarþjónustu verði óbreyttar út árið (sjá meðf. kort)




2) Þjónustuflokkar:

Þjónustuflokkar segja til um mismunandi gæðastig þjónustunnar, þ.e. um viðbragðstíma og tímasetningar þjónustunnar, færðarkröfur, umfang hálkuvarna o.fl Þjónustuflokkar og þjónustuflokkun vegagerfisins verði sem næst óbreytt frá því sem nú er (sjá meðf. mynd og kort)

Þjónustuflokkar í vetrarþjónustu





3) G-regla:

Í snjómokstursreglum er skilgreind svokölluð G-regla sem kveður á um að á ákveðnum leiðum sé heimilt að moka tvo daga í viku haust og vor á meðan snjólétt er. Hausttímabil er skilgreint til 1. nóvember og vortímabil frá 20. mars. Ástandið er skilgreint “snjólétt” þegar um er að ræða lítið snjómagn og færðarástand telst hvergi ófært, þungfært eða þæfingur á viðkomandi leið og þegar þjónustuaðgerðin felst eingöngu í hreinsun akbrautar með snjómokstursbíl.

Þær leiðir sem falla undir G-reglu eru Dynjandis- og Hrafnseyrarheiði, Strandavegur frá Steingrímsfirði að Gjögri, Lágheiði, Öxarfjarðarheiði, Hellisheiði eystri, Mjóafjarðarheiði og vegur um Öxi.

Þar sem ekki er um aðrar samgönguleiðir að velja til viðkomandi áfangastaða verði þó heimilt að moka einu sinni í viku fram til 5. janúar, þannig að fært sé fyrir fjórhjóladrifin ökutæki og þegar kostnaður við þann mokstur er að jafnaði ekki meiri en þrefaldur sá kostnaður sem til fellur þegar leiðin telst snjólétt.

4) Breytt skipulag:

Á undanförunum árum hefur Vegagerðin þróað tækni og tækjabúnað sem gerir henni nú kleyft að ná fram betra skipulagi og markvissari stjórnunaraðferðum við vetrarþjónustu og þar með möguleikum á betri nýtingu á þeim aðföngum sem notuð eru í þessum verkefnaflokk. Með þessari tækni eru nú að skapast möguleikar á því að einfalda og lækka kostnað við stjórnun og eftirlit sem felst í að meta aðstæður og aðgerðapörf á ódýrari og markvissari hátt.

Fram til þessa hefur vetrarþjónustunni verið stjórnað frá 19 stöðum á landinu. Sú breyting verður að miðlæg umsjón vetrarþjónustunnar verður frá s.k. vaktstöðvum sem eru á þremur stöðum á landinu, þ.e. í Hafnarfirði fyrir Suður- og Suðvestursvæði, Í Ísafirði fyrir Norðvestursvæði og á Reyðarfirði fyrir Norðaustursvæði.

Þessum stöðvum er m.a. ætlað að hafa umsjón með vöktun á rafrænum tækja- og mælíbúnaði greina og meta upplýsingar frá mælitækjum, veðurspám og hálkuspám, hafa umsjón með samræmingu á verkframkvæmdum, umsjón með skráningu og viðhaldi gagna, umsjón með ferilvöktun og aðgerðarskráningu, samræming á aðgerðum tækja og mat á árangri, gæðaeftirlit, gagnaúrvinnslu, gera áætlanir um aðgerðapörf, stýra aðgerðum miðlægt, annast kostnaðarmat og kostnaðareftirlit o.m.fl. Vaktir á þjónustustöðvum verða samræmdar og á færri stöðum og bein stjórnun og eftirlit færð nær vettvangi.


5) Aðrar aðgerðir er varða aukið aðhald og sparnað

Bætt verði við eftirfarandi ákvæðum í gildandi vinnureglur:

- a) Þar sem því verður við komið skal hlé gert á vetrarþjónustu í flokkum 2, 3 og 4 í snjókomu og/eða skafrenningi þegar meðalvindhraði er meiri en 15 m/sek.
- b) Fækka skal dögum sem heimilt er að óska eftir helmingamokstri úr 5 í 3 daga. Héraðsvegir sem áður voru tengivegir falli undir þennan lið.
- c) Eingöngu skal nota saltblandaðan sand á þjónustuflokka 3 og 4
- d) Nota skal úrgangssalt á vegum í fl. 2, 3 og 4 þar sem það er fáanlegt
- e) Hámark verði á fjölda mokstursferða á dag, 1 ferð í fl. 4 og 2 ferðir í fl. 3 nema að brýna nauðsyn beri til.
- f) Hlé verði gert á þjónustu í fl. 1 að næturlagi þegar umferð er orðin minni en 10 bílar/klst
- g) Hætta skal þjónustu fyrir þegar skólaakstri er lokið og byrja seinna um helgar þegar þjónustan er fyrst og fremst bundin við þennan akstur.
- h) Draga skal úr/fella niður hálkuvörn milli kl 23/24 til 04/05 á morgnana í fl. 1

Árið 2010:

1) Nýjar reglur um vetrarþjónustu:




Reglum um fjölda þjónustudaga á einstökum leiðum verði breytt þannig að þær eru ekki ósvipaðar þeim reglum sem giltu árið 2006, og þá með eftirfarandi frávikum. (sjá meðf. kort).

- Á fáfarnari langleiðum verði þjónustudögum fækkað úr sjö í sex, en reynslan hefur sýnt að á þessum leiðum er umferð í lágmarki á laugardögum og kemur þessi takmörkun því niður á hlutfallslega fáum og hefur lítil áhrif á almennt atvinnulíf. Með nýjum vegi um Arnkötludal dregur úr umferð á vegi 68 Innstrandarvegi og er gert þar ráð fyrir að fækka þjónustudögum í fimm sinnum í viku.
- Felld verði niður þjónusta á tveimur umferðarlitlum fjallvegum sem þar sem val er um aðrar leiðir, þ.e. um Laxárdalsheiði (opnuð þó sem varaleið ef Holtavörðuheiði lokast) og um Breiðdalsheiði. Leiðir þessar falli þá undir s.k. G-reglu sem kveður á um að á um að þar sé heimilt að moka tvo daga í viku haust og vor á meðan snjólétt er.
- Á Snæfellsnesvegu um Skógarströnd, í Laxárdal við Laxárdalsheiði, á Kísilvegi frá Reykjahlíð að Hvammavegi, á Hringvegi í Skriðdal og Breiðdal og á Upphéraðsvegi og Múlavegi milli Hallormsstaðar og Fljótsdalsvirkjunar verði þjónustudögum fækkað í tvo. Á Kísilvegi milli Hvammavegar og Norðausturvegar og á Borgarfjarðarvegi frá Seyðisfjarðarvegi að Eiðum verða þjónustudagar fimm í viku.

2) Stytting á þjónustutímum:

Þjónustutími verði stytur að kvöldi samkvæmt eftirfarandi:

- 0,5 klst í þjónustuflokki 2
- 1,5 klst í þjónustuflokki 3
- 2,0 klst í þjónustuflokki 4



Um helgar tvöfaldist þessi stytting, þ.e. verður:

- 1 klst í þjónustuflokki 2
- 3 klst í þjónustuflokki 3
- 4 klst í þjónustuflokki 4

Til að mæta skertri þjónustu verði komið á móts við vöruflutningaaðila á langleiðum sem eru seint á ferðinni á svæðum sem geta verið erfið yfirferðar og þjónustu lokið á, þ.e. á:

- 1) Á leiðinni milli Reykjavíkur og Ísafjarðar verði heimilt að bæta við kvöldþjónustu á þeim tíma sem flutningarbílar eru venjulega á ferð um Steingrímsfjarðarheiði og færð hefur spillst það mikið að til vandræða getur horft. Snjómokstursbíll fari frá Hólmavík kl 21:00 yfir Steingrímsfjarðarheiði og komið til baka eigi síðar en kl. 23:00 og er aðgerðin háð því að unnt sé að hreinsa leiðina án teljandi tafa með snjómokstursbíl og að saman fylgi flutningabílarirnir snjómokstursbílnum yfir hvora leið (fylgdarakstur).
- 2) Á leiðinni milli Reykjavíkur og Austfjarða verði heimilt að bæta við sambærilegri þjónustu við hreinsun vegar um Hvalnes- og Þvottárskriður ef hliðstæðar aðstæður eru til staðar.

19.11.2009
HrH/BÓI